



Fundargerð

33. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
þriðjudaginn 19. Apríl 2016 kl. 20:00 í sal A, á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ

Mætt: Stjórnarmennirnir Einar Vilhjálmsson (EV), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH), Jón H Steingrímsson (JHS), Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ) og Jónas Egilsson (JE). Stefán Skafti Steinólfsson (SSS) og framkvæmdastjóri sambandsins, Árni Þorsteinsson (ÁP) boðuðu forföll vegna veikinda. JHS ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar: Samþykkt.

2. Fundargerðir: Drög að fundargerð stjórnarfundar 32 hafa verið send út til fundarmanna fundarins og voru kynnt á fundinum. Þar sem ritari stjórnar var fjarverandi var samþykkt að fela honum að ljúka fundargerðinni, fá samþykki fundarmanna fyrir henni í tölvupósti og birta í kjölfarið á vef FRÍ.

3. Fjármál:

a) Kostnaðaráætlun – Erlend mótabátttaka. Umræðu frestað vegna veikinda framkvæmdastjóra.

b) Olympíuhópur FRÍ. EV lagði fram tillögu um að stjórn samþykkti styrkveitingar að fjárhæð 100.000 kr. til verkefna þeirra fjögurra íþróttamanna sem eru í Olympíuhópi FRÍ en eru ekki með fullan stuðning til sinna verkefna frá afrekssjóði ÍSÍ. Um er að ræða íþróttamennina Hafdísí Siguðardóttur, Huldu Þorsteinsdóttur, Guðna Val og Guðmund Sverrisson. Sambærilegur styrkur var veittur á síðasta ári og stefnt er að því að veita öðrum þeim íþróttamönnum sem uppfylla skilyrði að komast í hópinn á árinu sambærilegan styrk. Styrkveiting samþykkt og hún skal greiddast til félaga viðkomandi íþróttamanna.

c) Ársreikningur 2015. JS kynnti lokaútgáfu af ársreikningi FRÍ fyrir árið 2015 með þeim breytingum sem voru samþykktar á síðasta stjórnarfund. Hann las upp tillögu sína að skýrslu stjórnar sem mun fylgja ársreikningnum. Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar var samþykkt af öllum sem á fundinum voru nema JE, sem óskaði eftir meiri tíma til þess að kynna sér efni reikningsins og gera athugasemdir við texta í skýrslu stjórnar. Stjórnarmennirnir EV, JS, LBH og FRÞ samþykktu ársreikninginn og undirrituðu skýrslu stjórnar og samþykktu að taka tillit til efnislegra raka um breytingar sem kynnu að berast frá Jónasi fyrir næst fund.

4. Uppskeruhátíðin. Undirbúningur uppskeruhátíðarinnar er langt kominn. Hátíðin verður haldin í Oddfellow húsinu í Vonarstræti, samið hefur verið við Múlakaffi um að hafa umsjón með veitingum og ákveðið hefur verið að verðið verði 3.000 kr./mann. Rætt um veitingu viðurkenninga. Íþróttá og -afreksnefnd hefur tekið saman nöfn þeirra íþróttamanna sem hljóta skulu viðurkenningarnar. Samþykkt tillaga um að fjölga sérstökum viðurkenningum og veita nú til viðbótar sérvíðurkenningu fyrir besta árangur í spretthlaupum, sambærilegar viðurkenningar fyrir besta árangur í stökkgreinum, kastgreinum, millivegalengarhlaupum, langhlaupum og fjölþraut. FRÞ mun í samstarfi við framkvæmdastjóra undirbúa þessar verðlaunaveitingar.



5. Félagaskipti. Engar tilkynningar um félagaskipti lágu fyrir fundinum, en óskað var eftir að framkvæmdastjóri færi á næsta fundi yfir nýleg félagaskipti.
6. Skýrsla IAAF. Framkvæmdastjóri sendi út skýrslu til IAAF fyrir helgina. Skýrslan lág ekki fyrir fundinum vegna fjarveru ÁÐ. Samþykkt að afrit skýrslunnar verði sent stjórnarmönnum í tölvupósti.
7. Nafnalisti á OL 2016. Fljótlega þarf að taka ákvörðun um fylgdarmenn með keppendum FRÍ á Olympíuleikum í sumar. Sendur hefur verið til ÍSÍ listi yfir mögulega frjálsíþróttamenn, þjálfara þeirra og mögulega fararstjóra á leikana. Stjórn samþykkir að þjálfari hvers íþróttamanns sem fær keppnisrétt á leikunum fylgi þeim sem hluti af Olympíuhóp FRÍ. Á næsta stjórnarfundum verði tekin ákvörðun um hvaða fararstjórar verði tilnefndir fyrir hönd FRÍ á leikana. Fyrir fundinn mun EV leita samráðs við væntanlegan nýja formann FRÍ um tilnefninguna.
8. Undirbúningur fyrir ASSE leika og EM verkefnisstjóri. Ræddir mögulegir verkefnisstjórar og liðsstjórar fyrir leikana. EV var falið að ræða við væntanlegan nýjan formann FRÍ um málið og ákvörðun frestað.
9. Önnur mál: Engin önnur mál voru tekin fyrir .

Feira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:15